


KIRKJUGARÐUR ÞÓRSHAFNARKIRKJU DEILISKIPULAG - TILLAGA



Afmörkun skipulagssvæðis 1,4 ha
ÍSNET93 kortagrunnur Langanesbyggðar
Hæðarlínur 2 m

VIÐFANGSEFNI

Deiliskipulag kirkjugarðs Þórshafnarkirkju er sett fram í greinargerð þessari og skipulagsupprætti. Það var unnið á Teiknistofu Norðurlands fyrir hönd Langanesbyggðar. Tilgangur skipulagsins er að setja skilmála um framtíðar uppbyggingu kirkjugarðs við Þórshafnarkirkju og eru helstu viðfangsefni þess m.a. að skapa umgjörð fyrir trúariðkun, skilgreina grafreitir, gönguleiðir, aðkomu og bílastæði. Einnig eru skilgreindir byggingarreitir og skilmálar um heilbrigðis- og frárennismál.

Skipulagssvæðið er um 1,4 ha svæði umhverfis Þórshafnarkirkju við Sunnuveg á Þórshöfn. Land er að mestu raskað framræst land 6-10, m.y.s., skurðir og mói. Þar er nú Þórshafnarkirkja og malarstæði umhverfis bygginguna. Kirkjuskipið rúmar 160 manns í sæti og er safnaðarheimili á jarðhæðinni. Þar er nú enginn kirkjugarður en núverandi kirkjugarður Þórshafnar er á Sauðanesi. Stefna Aðalskipulags Langanesbyggðar 2007-2027 gerir ráð fyrir kirkjugarði ofan Þórshafnarkirkju fyrir íbúa Þórshafnar. Svæðið er skilgreint á landnotunarrætt fyrir þjónustustofnanir og opnu svæði Ú8 fyrir kirkjugarð. Samkvæmt aðalskipulaginu er gert ráð fyrir að kirkjugarðurinn falli að nærliggjandi almenningsgarði og nýstist að hluta til sem útivistarsvæði.

Áður hefur verið unnin tillaga að deiliskipulagi kirkju og kirkjugarðs á Þórshöfn sem unnin var af Teikn ráðgjöf og hönnun og samþykkt af sveitarstjórn í nóvember 2014. Auglýsing um gildistöku skipulagsins var ekki birt í B-deild og óðlaðist því aldrei gildi. Ekkert deiliskipulag er í gildi innan skipulagssvæðisins eða í nærliggjandi umhverfi.

FORSENDUR

Við ákvörðum um væntanlega rýmsnýtingu kirkjugarðsins og árlega þörf á grafreitum þarf að miða við íbúafjölda, aldrursdreifingu íbúa og áætlanir aðalskipulags. Íbúafjöldi á Þórshöfn hefur verið undir 400 manns síðustu árin.

| | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 |
|---------------|------|------|------|------|------|------|------|------|
| Þórshöfn | 373 | 375 | 379 | 377 | 358 | 350 | 346 | 352 |
| Langanesbyggð | 505 | 512 | 523 | 531 | 513 | 505 | 484 | 481 |

Tafla: Íbúafjöldi á Þórshöfn og í Langanesbyggð 2011-2018 (†tagstofa Íslands).

Í núgildandi aðalskipulagi eru settir fram tveir kostir um áætlaða fólksfjölgun í sveitarfélaginu til 2027. Fyrri kosturinn gerir ráð fyrir 1,5% fólksfjölgun á ári og verði þá íbúafjöldi í Langanesbyggð um 671 manns í lok skipulagstímabilsins árið 2027. Seinni kosturinn gerir ráð fyrir að íbúafjöldi verði að minnsta kosti 3500 og í mesta lagi 5500 íbúar og er það í tengslum við atvinnuuppbyggingu í Finnafirði. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir báðum kostum fólksfjölgunar og er kirkjugarðinum áfangaskipt þannig að skipulag hans bjóði uppá stækkun ef þörf er vegna aukins fólksfjölda líkt og aðalskipulag gerir grein fyrir. Sé miðað við 10 ára tímabil er meðaltal árlegrar þarfar fyrir nýgrafir í sveitarfélaginu nú um 5 grafir. Því er gert ráð fyrir í deiliskipulaginu að árleg þörf verði allt frá 10-50 grafir og er þá miðað við hugsanlega fólksfjölgun skv. aðalskipulagi. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir skiptingu garðsins í tvo áfanga. Í fyrri áfanga er gert ráð fyrir 630 legstæðum en í seinni áfanga 1140 legstæðum. Samtals eru því skilgreind 1770 legstæði og getur því kirkjugarðurinn þjónað sem aðalkirkjugarður Þórshafnar næstu 35-177 árin. Áfangaskiptingin styrkir þann möguleika að garðurinn geti stækkað með tímanum og í samræmi við fólksfjölgun í samfélaginu.

DEILISKIPULAGSÁKVÆÐI

Grafreitir

Í áfanga 1 er gert ráð fyrir grafstæðum fyrir 280 grafir og 350 duftgrafir. Í öðrum áfanga er gert ráð fyrir allt að 220 grófum, 500 duftgrófum og 420 duftreitum sem eru merktir í minningarreit. Kirkjugarðurinn er þó þannig skipulagður að hann getur tekið breytingum eftir því hvernig kröfur og graftarsíðir samfélagsins þróast um ókomin tíma. Grafstæði eru 2,5x1,2 m og grafstæði duftkera 0,75x0,75 m.

Dvalarsvæði og umgjörð kirkjugarðsins

Aðkoma að kirkjugarðinum verður sunnan við Þórshafnarkirkju og þar er gert ráð fyrir aðkomutorgi með bekkjum, upplýsingaskilti með korti af garðinum og sálarhlöð sem er inngangur að garðinum. Hugað skal sérstaklega að skjól- og rýmismyndun með gróðri meðfram stígum og grafarsvæðum. Með því að gróðursetja tré og runna í garðinum fær hann á sig náttúrulegt einkenni sem styrkir upplifun gesta og veitir skjól. Kirkjugarðurinn skal afmarkaður frá umhverfinu með skjólbelti, gírdöngum og/eða grjóthleðslu.

Fimm dvalarsvæði eru í garðinum sem tengjast stígakerfinu. Dvalarsvæðin gefa gestum kost á að staldra við, hugleiða og hvíla sig á kyrrlátum stað. Þar skal því gera ráð fyrir bekkjum og gróðri sem myndar skjól. Á hverju dvalarsvæði er gert ráð fyrir einu kennileiti eða listaverki sem yrði tákn til minningar um látna ástvíni. Á dvalarsvæði 2 er gert ráð fyrir litilli tjörn en nálægð við vatn styrkir jákvæða upplifun. Dvalarsvæði 1, 3 og 5 verða afmörkuð með jarðvegsmön og hleðslu sem snýr inn að miðju. Á dvalarsvæðum 3 og 5 er gert ráð fyrir að útikapellu og bænhúsi sem fjallað er um í kafla um byggingarreiti.

Aðkoma og stigar

Aðkoma að Þórshafnarkirkju er um Sunnuveg. Norðan við kirkjuna er gert ráð fyrir 30 bílastæðum og 12 sunnan við. Stígakerfi kirkjugarðsins skiptir honum upp í grafarsvæði. Göngustigar garðsins eru 1,6 m breiðir en aðalstigur garðsins er akfær 3 m breiður þjónustuvegur með einstefnu sem fer hring um kirkjugarðinn. Gert er ráð fyrir að göngustigar aðliggjandi útivistar- og íbúðarsvæðis tengist stígakerfi kirkjugarðsins og auðveldi þannig aðgengi íbúa að garðinum.

Lóð og byggingarreitir

Lóð Þórshafnarkirkju er skilgreind sem ein stór lóð um allt kirkjugarðssvæðið. Lóðamörk fylgja skipulagsmörkum og er lóðin því 1,4 ha. Í deiliskipulaginu eru skilgreindir tveir byggingarreitir fyrir áhald- og þjónustuhús. Byggingar skulu byggðar innan þeirra. Norðan við kirkjuna er skilgreindur byggingarreitur fyrir viðbyggingu á einni hæð. Þá er á dvalarsvæði 3 skilgreindur byggingarreitur fyrir 16 m² útikapellu sem gefur möguleika á samkomuhaldi utandyra og veitir gestum garðsins skjól. Á dvalarsvæði 5 er skilgreindur byggingarreitur fyrir 24 m² bænhúsi með veggjum hlöðnum úr grjóti og torfi og með torfþekju á þaki í anda þeirra gömlu bænahúsa sem stóðu víða um land.

Veitur

Gert er ráð fyrir að öll mannvirki og nýbyggingar tengist þeim veitukerfum sem fyrir eru á svæðinu og skal aðkoma veitufyrirtækja vegna eftirlits, viðhalds og endurnýjunar tryggð. Um fráveitumál gilda kröfur laga um höllustuhætti og mengunavarnir nr. 7/1998.


ÁHRIFAMAT

Enginn minjastaður er þekktur innan skipulagssvæðis. Ef formínjar finnast á svæðinu er vísað til 2. mgr. 24. gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012. Um kirkjugarða gilda lög um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993. Deiliskipulagið skilgreinir ekki heimildir til framkvæmda sem líklegar eru til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif eða falla undir ákvæði laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Deiliskipulagið fellur því ekki undir ákvæði laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlna. Þó er lagt mat á áhrif skipulagsins skv. 5.4. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013. Sú starfsemi sem er fyrirhuguð á skipulagssvæðinu er talin hafa jákvæð áhrif á samfélag, svipmót byggðar og ásynd umhverfisins.

SKIPULAGSFERILL

Skipulagslýsing var auglýst 5. febrúar 2019 á heimasíðu Langanesbyggðar og í fréttabréfinu Skegla. Frestur til að skila inn ábendingum um skipulagslýsingu var til 27. febrúar. Umsagnir um lýsingu nárust frá umsagnaraðilum sem voru eftirfarandi: Skipulagsstofnun, Vegagerðin, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, Minjastofnun Íslands og sóknarnefnd Þórshafnarsóknar. Tekið var tillit til þeirra ábendinga sem komu frá umsagnaraðilum við gerð skipulagstillögu.

Drög að tillögu að deiliskipulagi lágu frammi til kynningar á skrifstofu Langanesbyggðar 26.-31. ágúst 2019 og var gefinn kostur á að koma athugasemdem um drögin á framfæri í viku frá opnu húsi. Engar athugasemdir bárust.



Hluti þéttbýlisuppráttar Þórshafnar m.kv. 1:10.000 (til skýringar)
Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027 (m.s.br.)

SKÝRINGAR

- Skipulagsmörk 1,4 ha (lóðamörk)
 - Áfangaskipting
 - Byggingar innan skipulagssvæðis
 - Byggingar utan skipulagssvæðis (til skýringar)
 - Opið svæði
 - Gata
 - Bílastæði
 - Stígur
 - Byggingarreitir
- Skilmálar um byggingarreiti**
 Tegund byggingar (ÞÁ, KS, BH) og hæðir (L, H) ÞÁ Þjónustu- og áhaldhús
 KS Kirkja og safnaðarheimili
 BH Bænahús
 Hámarks byggingarmagn Hámarks þakhæð
- Grafreitir
 - Duftreitir
 - Kennileiti/listaverk
 - Tjörn
 - Hlaðnir veggir (leiðbeinandi)
 - Skjólbelti (leiðbeinandi)
 - Gróður (leiðbeinandi)

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið skv. ákvæði 41.

greinar skipulagslaga nr. 123/2010

frá _____ til _____

var samþykkt í sveitarstjórn Langanesbyggðar

þann _____.

Sveitarstjóri Langanesbyggðar

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild

Stjórnartíðinda þann _____.



Teiknistofa Norðurlands
Glerárgata 32 600 Akureyri
Heimasíða: tsnl.is



KIRKJUGARÐUR ÞÓRSHAFNARKIRKJU DEILISKIPULAG - TILLAGA

Skipulagsuppráttur og greinargerð

| | | | |
|-----------|---------|--------------------------|------------------------------------|
| KVARDI A3 | 1:1.000 | DAGS. 17. september 2019 | SKIPULAG: ABÓ, AKG TEIKNAD: AKG |
| VERKNR. | DK1801 | TEIKN nr. 1 | Br. |